

# LANDPÓSTURINN

2.tbl. 8.árg. apríl 1996 • Fréttabréf Félags landfræðinga  
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

## KRÁRFERÐ Á VORDÖGUM

Vorrabb Félags landfræðinga verður haldið **fimmtu-**  
**dagskvöldið 9. maí kl. 20:30 á Kaffi Reykjavík.** Þar  
gefst t.d. tækifæri til að ræða nánar hugmyndasam-  
keppnina um Ísland árið 2018 (sjá hér á eftir), þótt  
auðvitað verði væntanlegir þátttakendur að gæta þag-  
mælsku um beztu hugmyndir sínar! Sjámt sem flest á  
Kaffi Reykjavík.

## Hugmyndasamkeppni Ísland árið 2018

Í tilefni af 75 ára afmæli fyrstu skipulagslaganna á Íslandi  
efna umhverfisráðuneytið og Skipulag ríkisins til hug-  
myndasamkeppni um Ísland árið 2018, en þá eru hundrað  
ár liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Heildarupp-  
hæð verðlauna er kr. 2.000.000.

M.a. er leitað eftir hugmyndum um þróun mannlífs, byggð-  
ar og umhverfis í landinu og um tengsl Íslands við breyti-  
legan heim, og dregin skal upp mynd af framtíðarsýn  
manna frá margvíslegum sjónarhornum sem hægt verði að  
hafa til hliðsjónar við almenna og opinbera ákvarðanatöku.

Samkeppnin er opin og öllum heimil þátttaka og skilafrest-  
ur er til 1. júlí 1996. Skila á allt að 30 síðna greinargerð,

2-3ja síðna útdrætti og tveimur til fjórum uppdráttum, myndum eða veggspjöldum í stærðinni A2.

Gögn vegna hugmyndasamkeppninnar liggja frammi í Þjóðarbókhöfðu, námsbókasafni, 2. hæð, merkt: Trausti Valsson, byggðarskipulag. Trúnaðarmaður dómnefndar er Hugi Ólafsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og á að skila tillögum til hans. Nánari lýsing á samkeppninni er gefin í meðfylgjandi bæklingi um hana. Hér virðist vera um tilvalið verkefni að ræða fyrir landfræðinga, einkum ef þeir sjá fram á að eiga sumarleyfisdaga, sem ekki verða af einhverjum ástæðum nýttir til ferðalaga eða annarrar venjulegrar sumariðju.

## **Fundargerð**

### **Aðalfundur Félags landfræðinga**

### **föstudaginn 15. mars 1996**

### **haldinn í Norræna húsinu kl. 16:10.**

Fundarstjóri var settur Ásta M. Urbancic og fundarritari Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

Fundarstjóri setti fundinn sem að þessu sinni var haldinn að lokinni árlegri ráðstefnu félagsins.

1. Guðrún Halla Gunnarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins sl. ár.

2. Opnaðar voru fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar. Guðrún Ólafsdóttir benti á, að í skýrslu ætti að koma fram að Matthildur Kr. Elmarsdóttir tók saman efni fyrir kennsluhesti EuroGeo um byggðapróun.

3. Endurskoðaðir ársreikningar. Gjaldkeri félagsins, Anna Dóra Sæþórsdóttir, lagði fram ársreikninga. Aðalfundur samþykkti ársreikninga með fyrirvara um að annar endurskoðenda á eftir að fara yfir.

4. Kosning stjórnar. Guðrún Halla Gunnarsdóttir var áfram í framboði til formanns og var endurkjörin samhljóða. Kristinn Einarsson og Rannveig Ólafsdóttir áttu að ganga úr stjórn. Kristinn gaf kost á sér áfram og var endurkjörinn. Í stað Rannveigar var kjörinn Sigmar Metúsalemsson.

5. Kosning endurskoðenda. Tryggvi Jakobsson og Árni Vésteinnsson voru endurkjörnir.

6. Ákvörðun um félagsgjöld. Stjórnin lagði til að félagsgjald yrði óbreytt, kr. 2000. Samþykkt.

7. Lagabreytingar. Engar breytingar voru á dagskrá.

8. Önnur mál. Ásta M. Urbancic ítrekaði þá hugmynd sem kom fram á ráðstefnunni að ritstjórn Landabréfsins beitti sér fyrir því að birtur yrði útdráttur úr B.S. ritgerðum nýútskrifaðra landfræðinga. Guðrún Ólafsdóttir sagði það vera á dagskrá. Minnt var á könnun nemanda í landafræði á námi og störfum landfræðinga og ýtt á að landfræðingar svöruðu könnuninni.

Guðrún Ólafsdóttir greindi frá því, að verið væri að endurskoða ýmislegt varðandi nám í landafræði við HÍ og bað þá sem hefðu áhuga og hugmyndir að hafa samband eða koma ábendingum á framfæri.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:40.

*Matthildur Kr. Elmarsdóttir fundarritari.*

# SKÝRSLA FORMANNS

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 1995-1996

Ágætu félagsmenn! Tíunda starfsári félagsins er nú að ljúka, en það var stofnað á fundi í Gerðubergi 5. nóvember 1986.

**Síðasti aðalfundur.** Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var í Odda 29. mars 1995 áttu að venju tveir að ganga úr stjórn auk formanns sem kosinn er til eins árs í senn. Guðrún Ólafsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir gáfu kost á sér áfram og voru einróma endurkjörnar. Kristinn Einarsson og Rannveig Ólafsdóttir hófu þá síðara ár kjörtímabils síns. Guðrún Halla Gunnarsdóttir gaf áfram kost á sér til formennsku og var endurkjörin. Stjórnin skipti síðan með sér verkum: Kristinn varaformaður og ábyrgðarmaður fréttabréfs, Anna Dóra gjaldkeri, Rannveig ritari og Guðrún meðstjórnandi. Þess ber að geta að Rannveig fór til frekara náms erlendis í september og hefur stjórnin því verið faliðuð síðari hluta starfstímans. Endurskoðendur félagsins, þeir Tryggvi Jakobsson og Árni Vésteinsson voru endurkosnir.

Engar tillögur höfðu komið fram um breytingar á lögum félagsins fyrir síðasta aðalfund og ákveðið var að halda sömu félagsgjöldum og síðustu ár, þ.e. kr. 2000. Nokkur hagnaður hafði orðið af starfsemi félagsins starfsárið 1994-95, sem einkum stafaði af því að tímaritið Landabréfið kom ekki út á því ári sem nú er að ljúka, enda tímaritið að koma út í dag og reikningar vegna þess og ráðstefnunnar sem hér var haldin fyrr í dag bókfærast ekki fyrr en á næsta starfsári.

Á aðalfundinum var spurt um horfur á útgáfu Landabréfsins og kom fram að ritnefnd stefndi að því að gefa út þau erindi sem haldin voru á ráðstefnum félagsins í febrúar 1995 og 1994. Rannveig sá þá tímabundið um ritstjórnina en síðan tók Níels Finsen við og höfum við nú í höndunum árangurinn. Að loknum aðalfundarstörfum héldu þær Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Matthildur Einarsdóttir tölu um nám sitt í skipulagsfræðum, annars vegar í Bretlandi og hins vegar í Kanada.

Á aðalfund mættu 12 félagsmenn og 5 gestir (nemar) af u.þ.b. 140 fé-

lagsmönnum. Þess má að vísu geta, að einungis um helmingur þeirra greiðir félagsgjöld reglulega og því væntanlega að því komið að má einhverja út af félagaskrá.

**Stjórn og útgáfumál.** Formlegir stjórnarfundir voru 6 á starfsárinu auk smærri vinnufunda, símtala og símbréfa. Fréttabréfið Landpósturinn kom út 4 sinnum á starfsárinu og sá Kristinn um útlit þess og uppsetningu. Tímaritið Landabréfið kom út nú í lok starfsársins og hafa eftirtaldir setið í ritstjórn: Guðrún Ólafsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Ágúst Jónsson, Hrafnhildur Loftsdóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir og Níels Finsen hefur tekið að sér ritstjórn eins og áður segir. Auðvitað er svo stefnt að því að gefa út þau erindi sem haldin voru í dag og mun Níels vera tilbúinn að stýra því verki.

**Skemmti- og fræðsludagskrá ársins.** Vorrabb félagsins var á Jazzbarnum 3. maí og mættu þangað 10 félagsmenn til skrafs og ráðagerða.

Í maí sagði Guðrún Ólafsdóttir okkur einnig frá þriðju ferð sinni til Kína og sýndi myndir. Þeir 15 félagsmenn (og eini gestur) sem sáu sér fært að mæta þetta maíkvöld gerðu mjög góðan róm að máli hennar.

Í septemberlok var haldinn velheppnaður kvöldfundur, þar sem Guðrún Gísladóttir hélt erindi um áhrif langvarandi beitar á umhverfi og uppskeru gróðurlenda á sunnanverðum Reykjanesskaga. Á þann fund mættu milli 10 og 15 manns.

Í októberbyrjun stóð félagið fyrir hugmyndastefnu um framtíðarskipulag náms í landafræði við Háskóla Íslands. Fundurinn var haldinn að ósk kennara við HÍ til að kynna fyrirbyggjandi tillögur um breytingar á stundatöflu og reyna að ná inn hugmyndum og skoðunum fleira fólks um málið. Á þennan fund mættu 38 manns, einkum nemendur við HÍ, umræður urðu líflegar og var haldin fundargerð sem síðan var komið til forsvarsmanna kennara.

Í nóvember mætti Guðrún Gísladóttir aftur til okkar og sagði nú frá

ferð sinni til Kúbu og sýndi þaðan myndir. Þetta kvöld mættu 15-20 manns og fengu margt forvitnilegt og skemmtilegt að heyra.

Að lokum hélt Ásdís Hlökk Theodórsdóttir fróðlegt erindi um mat á umhverfisáhrifum nú í febrúarlök og mættu þar 15-20 manns.

Í dag var síðan haldin fjórða ráðstefna félagsins og fjallaði hún að þessu sinni um byggðaþróun undir heitinu "Fólkið flytur, hvert og hvers vegna?". Nánar verður greint frá ráðstefnunni í næsta fréttabréfi. Í kvöld var svo fyrirhuguð árshátíð í Skíðaskálanum í Hveradölum, en því miður þurfti að fella hana niður vegna lélegrar þátttöku.

**Önnur mál.** Ýmislegt annað gerðist í félagsstarfinu á árinu. Eins og fyrri ár bárust nokkur gögn frá EUROGEO, en að öðru leyti hafa samskiptin við útlönd verið í lágmarki. Í þessu Evrópusamstarfi tók Mattildur Elmarsdóttir þátt í verkefni um byggðaþróun.

Félagið fékk send 2 lagafrumvörp frá Alþingi til umsagnar, en gaf sér því miður ekki tíma til að fara yfir þau og gera athugasemdir.

Formaður félagsins sótti bæði kynningarfund og síðan aðalfund Landverndar, sem haldinn var á Flúðum 14.-15. október, ásamt fulltrúum u.þ.b. 30 annarra félaga eða félagasamtaka.

Félaginu barst umsókn um styrk vegna könnunar á störfum og starfsvettvangi landfræðinga frá Svavari Guðfinnssyni. Um er að ræða B.S. verkefni hans í landafræði við HÍ og féllst stjórnin á að veita honum 10 þús. króna styrk með því skilyrði að niðurstöður könnunarinnar birtust í Landabréfinu.

Náttúrufræðingatal er enn í vinnslu og er Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir okkar fulltrúi í ritnefnd. Fyrsta bindið A-G mun vera væntanlegt á þessu ári. Jafnframt þarf félagið að fara að taka saman sögu sína og sögu Landfræðifélagsins sáluga, þar sem gert er ráð fyrir því að slíkur fróðleikur verði birtur í Náttúrufræðingatali. Ef einhver félagsmaður getur séð af tíma til þessa verks er hann beðinn að gefa sig fram við stjórn hið fyrsta.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, endurskoðendum, fyrirlesurum ársins, ritnefnd og ritstjóra ásamt öðrum félagsmönnum gott samstarf á árinu og vonast til að félagsstarfið verði öflugt á því næsta og hægt verði að halda upp á 10 ára afmælið með pompi og prakt í haust.

*Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður.*  
15. mars 1996

## ÁRSREIKNINGUR 1995-96

### REKSTRARREIKNINGUR 23. mars 1995 -7. mars 1996

#### TEKJUR

Félagsgjöld 1995-1996	147.000,00
Eldri félagsgjöld	9.000,00
Vextir	2.116,49
Aðrar tekjur	1.600,00
	<hr/>
TEKJUR ALLS	159.716,49

#### GJÖLD

Styrkur til Svavars Guðfinnsonar	10.000,00
Gíróseðlar og póstburðargjöld	17.873,00
Kostn.v/tékkareiknings	742,00
Önnur gjöld	19.218,00
	<hr/>
GJÖLD ALLS	47.833,00
HAGNADUR AF REKSTRI	111.883,49

## EFNAHAGSREIKNINGUR 7. mars 1996

### EIGNIR

Sparileið 1	59.957,99
Gullbók	315.147,54
Ávísanareikningur	24.930,76

---

EIGNIR ALLS	400.036,29
-------------	------------

### SKULDIR

Höfuðstóll 1995	288.152,80
Hagnaður af rekstri	111.883,49

---

SKULDIR ALLS (Sjóður 7. mars 1996)	400.036,29
------------------------------------	------------

Reykjavík 7. mars 1996

f.h. stjórnar Félags Landfræðinga

Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri

Eftirfarandi endurskoðendur hafa samþykkt þessa reikninga

Tryggvi Jakobsson

Árni Þór Vésteinsson



# NÝ STJÓRN

Nýkjörin stjórn Félags landfræðinga hefur nú skipt með sér verkum, og er hún þannig skipuð:

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður

hs. 552 8502, vs. 562 4100, fax 562 4165, tölvupóstur halla@islag.is

Kristinn Einarsson, varaformaður

hs. 568 1969, vs. 569 6042, fax 568 8896, tölvupóstur ke@os.is

Sigmar Metúsalemsson, ritari

hs. 565 6321, vs. 577 1010, fax 577 1020, tölvupóstur simmi@rala.is

Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri

hs. 564 4161, vs. 525 4471, fax 525 4499

Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi

hs. 552 6269, vs. 525 4484, fax 525 4499, tölvupóstur gudrunmo@raunvis.hi.is

## NORRÆNA SUMARNÁMSKEIÐIÐ Í KORTAGERÐ 1996

Kortagerðarfélagin á Norðurlöndunum hafa um nokkurra ára skeið haldið stutt námskeið um kortagerð að sumrinu. Íslenska kortagerðarfélagið gerðist formlægur aðili að þessu samstarfi árið 1992. Námskeiðin standa oftast í um viku og eru haldin til skiptis í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Danmörku og á Íslandi. Í ár verður námskeiðið haldið í Álaborg í Danmörku daga 11. til 17. ágúst. Á undanförunum árum hefur Íslenska kortagerðarfélagið boðið félagsmönnum sínum styrk til að sækja þessi námskeið.

Heiti námskeiðsins í ár er: "From reality over GIS to maps - towards a new millennium". Á námskeiðinu verður fjallað um notkun GPS til gagnaöflunar fyrir landfræðileg upplýsingakerfi og til kortagerðar. Þá verður fjallað um notkun fjarkönnunargagna (gervitunglamyndar o.þ.u.l.) í landfræðilegum upplýsingakerfum og til kortagerðar. Einnig

verður fjallað um vinnslu gagna vegna kortagerðar og framsetningu efnis, þ.e. gerð korta til birtingar á skjá eða til prentunar.

Dagsetning	Efni
Sunnudagur 11. ágúst	Koma og skráning þáttakenda.
Mánudagur 12. ágúst	Söfnun gagna og úrvinnsla - Notkun GPS í landfræðilegum upplýsingakerfum og til kortagerðar. Erindi: Sjókort og gerð þeirra.
Þriðjudagur 13. ágúst	Söfnun gagna og úrvinnsla - Notkun fjarkönnunargagna (gervitunglamyndir o.þ.u.l.) í landfræðilegum upplýsingakerfum og til kortagerðar. Erindi: Hvers ber að vænta af kortagerðarmönnum framtíðarinnar. Grillveisla.
Miðvikudagur 14. ágúst	Heimsókn til fyrirtækisins KORTGRUPPEN í Frederikshavn skoðunarferð um Odden við Skagen.
Fimmtudagur 15. ágúst	Úrvinnsla gagna og greining: gagnagrunnar, gæði gagna og landfræðileg greining í landfræðilegum upplýsingakerfum. Erindi: Jarðfræðikort og gerð þeirra.
Föstudagur 16. ágúst	Framsetning upplýsinga: Módel í kortagerð og framsetning gagna - kort á tölvuskjá/prentuð kort; Hönnun korta og framsetning, meðferð lita á kortum; Kort í tvívídd og þrívídd (2D, 2½D, 3D) Erindi: Kortagerð á Norðurlöndunum. Eitt erindi frá hverju landi. Kveðjuveisla.
Laugardagur 17. ágúst	Æfingum skilað. Námskeiðsmat. Námskeiðinu lýkur um hádegi með sameiginlegum hádegisverði.

Kennsla á námskeiðinu fer fram á ensku. Fyrirlesarar verða frá Kortagerðar- og fasteignamatstofnun Danska ríkisins, háskólunum í Kaupmannahöfn og Álaborg og frá fyrirtækjum sem starfa við kortagerð í Danmörku.

Kennt verður frá kl. 9.00 á morgnana til kl. 15.00 flesta dagana. Eftir að kennslu lýkur á daginn verða flutt sérstök erindi um ýmsa þætti sem snerta kortagerð.

Hádegisverðarhlaðborð verður frá kl. 12.00 til 13.00 dag hvern.

Verð fyrir námskeiðið er DKK 7900,-. Í því er innifalið gjald fyrir námskeiðið, gisting í 6 nætur í eins manns herbergi og morgunverður og hádegisverður alla dagana. Þáttakendur þurfa sjálfir að sjá sér fyrir kvöldverði tvö kvöld.

Umsóknir um setu á námskeiðinu þurfa að hafa borist félaginu eigi síðar en föstudaginn 14. júní, 1996. Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðinu er 40, mest 8 frá hverju landi. Ef færri en 20 sækja um þátttöku á námskeiðinu fellur það niður.

Ágúst Gunnar Gylfason hjá verkfræðistofunni Hnit veitir nánari upplýsingar um námskeiðið.

Sími: 568 0500

Fax: 568 0503

Netfang: agust@hnit.is

## FRÁ STJÓRNINNI

Það eru vinsamleg tilmæli til félaga að athuga, hvort allar upplýsingar eru réttar í skránni yfir landfræðinga, sem birtist í Landabréfi. Verði einhver var við villur, má koma leiðréttingum á framfæri gegnum einhvern stjórnarmanna.

Nú eru sendir út gíróseðlar fyrir árgjaldi ársins 1996. Þeir sem ekki hafa enn greitt árgjald ársins 1995 athugi, að heyrst ekkert frá þeim gegnum bankakerfið innan mánaðar, verða þeir strikaðir af félagaskrá.

**Sjáumst hress á Kaffi Reykjavík 9. maí kl. 20:30.**

*Stjórnin*